

**Erindisbrjef****79**  
10. júl.

handa lögreglustjórum, um fangelsisstjórn þá, er þeim ber að hafa á hendi samkvæmt 7. gr. tilsk. 4. marz 1871.

## 1.

Lögreglustjóri í umdæmi því, er fangelsi hefir verið byggt í samkvæmt 2. gr. tilsk. 4. marz 1871, skal hafa á hendi stjórn á fangelsinu, með yfirumsjón amtmanns. Hann á að sjá um og hafa ábyrgð á gæzlu og viðurværi fanganna. Honum ber að annast um, að fangahúsinu og þeim byggingum, er til þess heyra, sje haldið vel við. Sömuleiðis á hann að sjá um, að áhöldum þeim, er fylgja húsinu, sje haldið við; og skulu í hverjum fangaklefa vera þessi áhöld eða húsgögn:

- a, rúmstæði eða hengirúm með meldýnu eða hálmýnu til að hvilast á og rekkjuvoðum og ábreiðum handa hverjum fanga, sem klefnn er ætlaður fyrir; og skal vera svo um búð, að læsa megi á daginn rúminu eða taka niður hengirúmið;
- b, borð, sem neglt sje eða múrað við gólf eða vegginn;
- c, setpallur, er einnig sje fastur við gólf eða vegg nálægt borðinu;
- d, hylla, sömuleiðis fest við vegginn, og 2 snagar undir henni;
- e, þessar bækur: nýja testamentið, sálmabók og bœnakver;
- f, þvottaskál með tilheyrandi vatnskrukku;
- g, hrákadallur, tjargaður í botninum;
- h, hægðakerald, með vel felldu loki yfir, svo lágt, að fanginn geti ekki náð upp í klefngluggann með því að stíga upp á það;
- i, hárgreiða;
- k, strengur, festur við bjöllu fyrir utan fangaklefan eða húsið, þannig að fanginn geti hringt bjöllumni, ef hann þarf aðstoðar við á öðrum tímum en þeim, er hans er vitjað;
- l, loksins verða að vera við hvert fangahús nægilega margar rekkjuvoðir, þurkur, nærskyrturn, nærbuxur, nærpils, hálsklútar og sokkar; þar að auki ber að hafa fáeina stóla og borð handa þeim föngum, er lögreglustjórinn álitur að ljá megi slík húsgögn.

Loksins ber að hafa spennitreyju eða spennifjötur til að leggja á óstýriláta fanga.

Lögreglustjóra ber á hverju ári að senda yfirstjórn fangelsisins nákvæma skýrslu um ástand fangahússins og sömuleiðis áhaldaskrá, og kemur hann þá um leið með tilögur um það, sem gjöra þarf á næsta ári eða kaupa til að halda fangahúsinu og áhöldum þess í góðu standi, og með áætlun um þar af leiðandi kostnað.

## 2.

Það skal komið undir ákvörðun amtsráðsins, hvort skípa skuli á kostnað jafnaðarsjóðs fangavörð við fangahúsið; en þyki það ekki nauðsynlegt, skal lögreglustjóri skyldur til að kaupa fyrir sanngjarna borgun mann til að hafa eptirlit með föngunum, þegar nokkur fangi er í húsinu, og til að útvega þeim mat, og skal amtsráðið ákveða fyrir hvert fangahús, hve mikla borgun reikna megi fyrir þetta um hvern sólarhring.

Lögreglustjóri ákveður, hve nær á hverju kvöldi búa skuli um rúm fanganna, og hve nær læsa skuli rúmstæðunum eða taka hengirúmin niður á morgnana. Hann ákveður og, hve opt færa skuli föngum mat, og hvaða mat þeir skuli hafa, er sitja við venjulegt fangaviðurværi. Má hann ekki leyfa, að fangi sje látinn fá vín eða tóbak, nema læknir telji það nauðsynlegt, og ekki mega fangar heldur hafa kaffi eða annað sælgæti; en góðan mat óbreyttan ber að gefa þeim, og skammta svo, að hvorki sje hætt við, að þeir líði sult nje fái tækifæri til að jeta of mikið. Sje fangi, sem situr í einföldu fangelsi, svo efnður, að hann geti útvegað

Hinn 26. júlí 1876.

79 sjer sjálfur mat, má lögreglustjórinn leyfa honum að borða slíkan mat, en ekki má þó  
10. júl. leyfa fanga að kaupa sjer vín eða tóbak, nema sjerstaklega standi á.

Lögreglustjóri hefir ábyrgð á því, að þeir menn, sem hann setur til að hafa eptirlit með föngum, sjeu áreiðanlegir höfsemdar og reglumenn. Þegar því verður komið við, skal hafa konur til að færa kvenömenn, sem teknir eru fastir, úr fótunum og rannsaka þá, og hafa hið daglega eptirlit með þeim.

## 3.

Lögreglustjóri hefir ábyrgð á, að fangelsishegningu sje fullnægt, samkvæmt fyrirmælum laganna, sjer í lagi 18.—27. gr. hegningarlaganna. Skal hann skipa föngum í hina einstöku klefa þannig, að fangi, sem dæmdur hefir verið á vatns- og brauðsvidurværi eða á venjulegt fangavíðurværi, fái ekki að vera í sama klefa og fangar, er settir eru í einfalt fangelsi. Verði því komið við, á hann jafnan að láta hvern fanga hafa klefa sjer, og skal hann einkum gjöra það, þegar ástæða er til að ímynda sjer, að fangar með því að bera sig saman geti tafið rannsókn á sakamálum eða spillt sönnunum þeim og sakargögnum, sem þegar eru fram komin í slíku máli. Þá ber honum og að forðast að láta þá fanga vera saman, sem geta spillt hvor af öðrum að siðferði.

## 4.

Nú raskar fangi ró þeirri og reglu, sem á að vera í fangelsinu, með söng, skarkala eða hávaða, með því að klifra upp í glugga, knýja á hurð, hringja að óþörfu fangahúsbjöllunni eða á annan hátt, og ber lögreglustjóra þá að yfirheyra fangann undir eins og hann hefir fengið vitneskju um slíkt, og sömuleiðis aðra, er um það geta borið, og getur lögreglustjóri, ef yfirsjónin er ekki svo mikil eða svæsin, að hún eigi að sœta opinberri kærnu, refsað fanganum með því að svipta hann vinnuáhöldum, ljósi á kvöldin, eða þeim rjetti að fá fœði sitt aukið; en reynist það ómögulegt að yfirbuga þrjózku fanga með öðru móti, má lögreglustjóri færa hann í spennitreyju eða leggja á hann spennifjötra, og láta hann vera í þeim allt að 24 stundum í senn.

## 5.

Lögreglustjóri skal sjá um, að rituð sje við fangahúsið dagbók, og ber að hafa í henni dálka fyrir nöfn fanga þeirra, sem settir eru í fangahúsið, og föðurnafn þeirra, aldur, lífsstöðu, nákvæma lýsingu á útliti þeirra, fœðingarstað þeirra, dag þann og klukkustund, er þeir hafa verið látin inn, og dag og klukkustund, er þeim hefir verið sleppt. Þess skal og getið í bók þessari, fyrir hverjar sakir fanginn hefir verið látinn í fangahúsið, og hvaða dómi hann hefir verið látinn sœta. Ber lögreglustjóra að senda amtmanni áleiðis til landshöfðingja eptirrit eptir þessari bók innan janúarmánaðarloka ár hvert.

## 6.

Að öðru leyti ber lögreglustjóra að sjá um, að breytt verði nákvæmlega eptir fanga-reglum þeim, er út voru gefnar fyrir Reykjavíkur fangelsi 24. júní 1874, og í dag hafa verið staðfestar til bráðabirgða fyrir önnur fangelsi landsins.

Eins og sóknarprestinum í því prestakalli, sem fangelsið er í, er skylt að aðstoða lögreglustjóranum í öllu því, sem snertir hið siðferdislega ástand fanganna, þannig skal hlutadeigandi hjeradslæknir skyldur að vitja fanganna, svo opt sem lögreglustjóri óskar þess, og ber lögreglustjóra að fara eptir tillögum læknis um víðurværi fanga og um meðferð á þeim, ef þeir skyldu verða sjúkir, að svo miklu leyti sem því verður við komið.

Landshöfðinginn yfir Íslandi, Reykjavík 10. júlí 1876.

**Hilmar Finsen.**

Jón Jónsson.